

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**5. fundur 2019 (91. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 23.08.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Steinþór Einarsson boðaði forföll.

- 1. Tillaga að deiliskipulagi öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar, B – svæðis**  
Lögð var fram að nýju tillaga að deiliskipulagi öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar sem auglýst hefur verið.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna sbr. bókun á 90. fundi nefndarinnar þann 28.06.2019.

- 2. Lýsing fyrir aðalskipulag Reykjanesbæjar**  
Lögð var fram lýsing vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar.

Guðlaugur H. Sigurjónsson kynnti helst fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar samkvæmt lýsingunni. Við afgreiðslu málsins vék hann síðan af fundi.

Skipulagsnend Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

- 3. Svæðisskipulag Suðurnesja – breyting**  
Lagt var fram erindi svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja, ódags., varðandi ósk um umsögn um tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu.

Breytingin varðar eftirfarandi þætti skipulagsins:

- Breytta afmörkun vatnsverndarsvæðis í Reykjanesbæ
- Uppfærð flugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar í samræmi við gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar
- Uppfærð vatnsverndarkort fyrir Suðurnesin

- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.
- 4. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar**  
Tillaga að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll hefur verið auglýst í Lögbirtingablaðinu. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til 13. september 2019.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

- 5. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Ákvörðun Skipulagsstofnunar**  
Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 03.07.2019, þar sem stofnunin fellst á tillögu framkvæmdaraðila (Isavia) að matsáætlun vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli með tilteknum allmörgum athugasemdum.
- 6. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna Háaleitishlaðs – kæra N1**  
Lagður var fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru N1 á ákvörðun skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar frá 23. mars 2018 um að samþykkja deiliskipulag keflavíkurflugvallar austursvæðis – Háaleitishlaðs. Nánar tiltekið snýst málið um að Isavia ákvað að endurnýja ekki lóðarsamning við N1 vegna lóðarinnar Háaleitishlað 6.

Úrskurðarorð úrskurðarnefndarinnar eru eftirfarandi:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar frá 23. mars 2018 um að samþykkja deiliskipulag Keflavíkurflugvallar austursvæðis – Háaleitishlaðs.

- 7. Næsti fundur**  
Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 27. september 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>